


BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

BÆNDAHÖLLINN
PÓSTHÓLF 7080
SÍMI 19200



REYKJAVÍK, 13. mars 1989

Alþingi

Menntamálanefnd
efri deilar Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Erindi nr. P 111/395

komudagur 15/3 1989

Eftirfarandi ályktun Búnaðarfélags 1989 um friðun hreindýra sendist yður hér með að ákvörðun stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

"Búnaðarfélag mælir með samþykkt Frumvarpa til laga um friðun hreindýra og eftirlits með þeim, með eftirfarandi breytingum:

2. grein

Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirumsjón þeirra mál, sem læg þessi taka til.

3. gein

Við embætti Veiðistjóra verði skipaður umsjónarmaður með liiffrædimenntun eða samþærilega menntun til þess að hafa efirlit með friðun og veiði hreindýra eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

4. grein

Önnur málsgrein orðist svo: Búnaðarsamband Austurlands 2, Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssyslu 1, Náttúruverndarsamtök Austurlands 1, Náttúruverndarráð 1.

Nefndarmenn skulu allir vera búsettir á Austurlandi.

5. grein

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið ræður að fengnum tillögum sveitastjórna og umsjónarmanns, eftirlitsmann i hverju sveitarfélagi þar sem hreindýr ganga.

8. grein

Briðja málsgrein falli niður.

I 4. málsgrein þar sem segir: "Tekjum af sölu veiðileyfa, sem hreindýranefnd úthlutar, skal varíð til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna", falli niður.

Vardandi greinargerð með 7. grein frumvarpsins tekur Búnaðarfélag fram eftirfarandi: Því aðeins er fallist á sjónarmið greinargerðar um skilnað veiðiréttar frá landeign að átt sé við að hann sé bundinn við þann tíma, sem friðunariög eru í gildi, en veiðiréttur endurheimtist ef þau falla niður. Því er mótmælt, að lögskipuð friðun geti myndað hefð eins og hér er rætt um.

G R E I N A R G E R D:

Rökstuðningur við breytingartillögur:

2. grein. Hér er lagt til að landbúnaðarráðuneytið taki við yfirumsjón með þessum málaflokki. Búnaðarbíng hefur áður itrekað ályktuð á þá leið. Nánast mun hafa verið tilviljun á sinum tíma að menntamálaráðuneytið tók hreindyrin í sina umsjá. Hreindyrastofninn er haldinn þvert á allan eignarrétt, í heimalöndum og afréttum bända. Því er eðlilegt að líta á nytjar hans sem hlunnindi bújarða þar sem veiði er von, ef ekki koma til bessi friðunarlög. Slik málefni falla eftir eðli sinu undir landbúnað.
3. grein. Eðlilegt er að veiðistjóraembættið fari með mál af þessu tagi, með góðri samvinnu við Náttúrufræðistofnun um rannsóknarþáttinn. Sú stofnun mun starfa fyrst og fremst að grunnrannsóknum en veiðistjóri fæst við skyld verkefni og hér um ræðir. Það embætti heyrir undir landbúnaðarráðuneytið. Í lögum um eyðingu refa og minka er gert ráð fyrir að fela megi "veiðistjóra vernd og yfirumsjón hreindyrastofnsins".
4. grein. Búnaðarbíng er sammála þeirri stefnu frumvarpsins að hreindyraneftnd skipi menn sem heima eiga í Austurlandskjördæmi. Hér er lagt til að þeir séu fremur valdir af búnaðarsamböndum þeim sem þar starfa, en sveitarfélögum, þar eð eðlilegra virðiast að sveitafólk, sem mest þarf að húa við návist dyranna, hafi hér áhrif, fremur en þéttbylispúar, sem miklu verða ráðandi í samstarfi sveitarfélaga. Náttúruverndarmenn á Austurlandi munu vantanlega veljast í nefndina hvort heldur tilnefnt er af Náttúruverndarráðinu eða félagsskap þeirra sjálfrá. Ekki verður með neinu móti séð að Skotveiðifélag Íslands sé eðlilegur aðili að þessu máli.
5. grein. Sjá athugasemd við 2. grein að því er varðar tilgreint ráðuneyti.
Þá þykir rétt að sveitarstjórnir hafi händ i bagga um val eftirlitsmanna.
8. grein. Lagt er til að 3. málsgrein falli niður, en í henni er gert ráð fyrir gjaldtäku af veiðileyfum og felldum dyrum.
Með lögum þessum er ákveðið að hreindyrastofninn sé friðaður og aðeins fargað úr honum skipulega eftir því sem þörf krefur hverju sinni til að viðhaldar tilstætluðu jafnvægi. Þjóðin vill ekki missa þessa hugbækku dyrategund úr landinu. Viðhald hennar kostar það hinsvegar að hún verður sett ofan á eigendur og ábúendur heimalanda og afréttu í vissum landshluta. Með lögum eru gerðar ráðstafanir til að skipta veiðihlut milli sveitarfélaga eftir því

sem þau standa undir stofninum með heit i högum
sinum, að beztu manna yfirsyn. Verður að telja það
réttláta lausan. En fráleit krafa er það og er
algerlega mótmælt, að menn eigi að kaupa
veiðileyfi í sinum eigin löndum í ofanálag á það að
halda stofninum uppi."

bess er vénst að þér kynnið yður ályktun bessa og
styðjið sjónarmið Búnaðarþings í þessu efni.

Virðingarfyllst


Jónas Jónasson

JJ/ák

Alyktunin send:

Menntamálaráðherra
Landbúnaðarréðherra
Menntamálaneftnd efri d. Alþingis
Menntamálaneftnd neðri d. Alþingis
Landbúnaðarneftnd efri d. Alþingis
Landbúnaðarneftnd neðri d. Alþingis